

greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 37.90 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 19. þ. m., og sótti þá þing stefndi Sigurður, en aðrir stefndu ekki, og óskaði hann eftir fresti til ritunar greinargerðar til 4. sept. n. k. Gat hann þess jafnframt, að hann teldi skuldina ekki þetta háa, þar eð greitt muni hafa verið upp í víxilinn án þess að færa þær greiðslur inn á hann. Kvaðst hann mundu nota frest þenna til þess að finna kvittanir, sem gefnar hafi verið fyrir greiðslum þessum, og haga kröfum sínum í greinargerð í samræmi við það. Stefnandi vildi ekki veita frest í málinu, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda Sigurðar.

Þar eð telja verður, að rétt sé að gefa stefnda færi á að tjá sig nánar um kröfur stefnanda, þykir honum bera nokkur frestur í því skyni, og er tímalengd hans hæfilega ákveðin til 26. þ. m.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Stefnda, Sigurði Berndsen, er veittur frestur til ritunar greinargerðar til 26. þ. m.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 19/1951.

Dagbjartur Geir Guðmundsson

gegn

Sigurjóni Alfred Kristinssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Ómerking kærðs úrskurðar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. júní 1951, sem hingað barst 6. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar úrskurði, er kveðinn var upp í fógetarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar hinn 18. júní 1951 í útburðarmáli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frest, sem hann hafði óskað eftir.

Hér fyrir dómi krefst sóknaraðili þess, að honum verði veittur frestur sá, sem hann hafði beiðzt í héraði, og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar. Varnaraðili gerir þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvor krafa hans, sem tekin verði til greina.

Frávísunarkrafa varnaraðilja er ekki nægjanlega rökstudd, og verður því ekki á hana fallizt.

Hinum kærða úrskurði er mjög áfátt. Þar er hvorki lýst málsatvikum né málsástæðum, og eigi eru greindar kröfur aðilja í fógætaréttarmálinu, heldur aðeins að því er varðar frestbeiðni sóknaraðilja. Fógætarétturinn hefur því ekki gætt fyrimæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Hafnarfjarðar 18. júní 1951.

Ár 1951, mánudaginn 18. júní, var í fógætarétti Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn úrskurður í ofangreindu máli, en atriðið var tekið til úrskurðar 14. júní s.l.

Af hálfu gerðarþola, Dagbjarts Geirs Guðmundssonar, var gerð sú krafa, að útbuðarmálinu yrði frestað, þar til skiptarétturinn hefði fjallað um framkomna beiðni um, að bú Kristins Pálssonar og Jónínu Ólafar Sigurðardóttur yrði tekin til opinberrar skiptameðferðar, og sá réttur hefði tekið afstöðu til eignarheimildar fyrir húsinu Hverfisgata 17 B.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Sigurjóns A. Kristinssonar, var mótmælt, að útbuðarmálinu yrði frestað af greindum sökum, en báðir aðiljar lögðu ágreininginn undir úrskurð réttarins.

Þar sem ekki verður séð, að gerðir skiptaréttar í málinu né úrslit skiptanna varði þetta mál eða grípi inn í það á nokkurn hátt, er ekki hægt að taka kröfu gerðarþola um frestun málsins hér í rétti til greina.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarpola um að fresta máli þessu skal ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 20/1951.

Vesta h/f

gegn

Agnari Lúðvíkssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. júlí þ. á., sem hingað barst 16. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní s.l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa hvorki borízt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hafði synjað honum um.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Kæra í máli þessu er undirrituð af Margréti Ingimarsdóttur, Laufásvegi 2, Reykjavík, f. h. h/f Vestu. Hún hefur hvorki í héraði né hér fyrir dómi greint nein rök fyrir kröfum um fresti í víxilmáli því, sem hér er um að tefla. Kæra máls þessa er því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936, og